

FYRIRSPURN

Fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi útboð á nýbyggingu og lóðarhönnun fyrir Miðborgarleikskóla

Í apríl 2021 auglýsti Reykjavíkurborg á evrópska efnahagssvæðinu eftir tilboðum í nýbyggingu og lóðarhönnun fyrir Miðborgarleikskóla og fjölskyldumiðstöð að Njálsgötu 89, 105 Reykjavík. Á þessu ári hafa tvö útboð verið haldin þar sem boðið hefur verið út bygging leikskóla og fjölskyldumiðstöðvar á áðurnefndum reit á Njálsgötu. Í ágúst sl. barst ekkert tilboð í verkið og núna 12. nóvember sl. var í fjölmiðlum upplýst að eitt tilboð hafi borist í síðara útboðinu sem var 71,6% hærra en kostnaðaráætlun, þ.e. tilboðið hljóðaði upp á tæpa 2,6 milljarða kr. en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir byggingarkostnaði upp á rétt rúman 1,5 milljarð kr. Spurt er: Kæmur til greina að falla frá því að bjóða út verkið á þeim forsendum sem hönnun húsnæðisins gerir ráð fyrir?